

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/573****2022/EES/18/10****frá 1. febrúar 2021****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/625 að því er varðar skilyrði fyrir innflutningi
á lifandi sniglum, samsettum afurðum og görnum sem eru sett á markað til mannelis (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 126. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur vegna komu sendinga, m.a. af tilreiddum sniglum, inn í Sambandið.
- 2) Samkvæmt i. og iii. lið a-liðar 2. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 skal skrá þriðju lönd sem flytja sendingar af tilreiddum sniglum til Sambandsins og skal opinbert vottorð fylgja hverri sendingu af tilreiddum sniglum. Svipaðar kröfur ættu einnig að gilda um lifandi snigla sem eru ætlaðir til mannelis.
- 3) Til að auðkenna með skýrum hætti þá snigla sem falla undir kröfur vegna komu inn í Sambandið ætti að bæta við skilgreiningu fyrir snigla í framselda reglugerð (ESB) 2019/625.
- 4) Framseld reglugerð (ESB) 2019/625 ætti ekki að gilda um sýni af vörum, sem eru ætlaðar til mannelis, sem eru fluttar inn til vörugreiningar og gæðaprófana án setningar á markað og skapa því ekki áhættu fyrir lýðheilsu. Því ætti að breyta 3. mgr. 1. gr. til samræmis við það. Í 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 er kveðið á um kröfur vegna innflutnings á sendingum af samsettum afurðum sem vísað er til með ST-númerum undir tilteknum fyrirsögnum í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽³⁾. Rétt þykir að vísa til SN-númeranna í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625. Þar að auki vantar númer fyrir tilteknar samsettar afurðir í 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Því er rétt að bæta þessum SN-númerum við.
- 5) Sendingar af lifandi sniglum og samsettum afurðum, sem settar eru á markað til mannelis, ættu að falla undir vottun á hverri sendingu fyrir sig vegna komu inn í Sambandið til að draga úr áhættu á því að þær séu ekki í samræmi við kröfur Sambandsins um matvælaöryggi. Vottun um að farið sé að kröfum Sambandsins stuðlar einnig að því að minna stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld þriðju landa eða svæða þriðju landa á gildandi kröfur Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 8.4.2021, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

(3) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

- 6) Í 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 er kveðið á um kröfur vegna framleiðslu á hráefnum vegna innflutnings á sendingum af nýju kjöti, hökkuðu kjöti, unnum kjötvörum, kjötafurðum, vélúrbeinuðu kjöti og hráefnum sem eru ætluð til framleiðslu á gelatíni og kollageni til að komast hjá hugsanlegri áhættu fyrir lýðheilsu. Þvagblöðrum og þarmar sem eru notuð til framleiðslu á görnum fara í gegnum meðhöndlun sem eyðir allri áhættu fyrir lýðheilsu. Því er rétt að heimila að hráefni til framleiðslu á görnum komi frá sláturhúsum sem eru undir eftirliti lögbærra landsyfirvalda og breyta ætti 7. gr. til samræmis við það.
- 7) Í 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 er kveðið á um að hverri sendingu af tilteknum skráðum afurðum sé einungis heimilt að koma inn í Sambandið ef sendingunni fylgir opinbert vottorð. Samsettar afurðir eru ekki á skránni yfir afurðir sem verða að hafa meðfylgjandi opinbert vottorð.
- 8) Áhætta sem tengist tilteknum flokkum samsettra afurða fer eftir tegundum innihaldsefna og skilyrðum við geymslu þeirra. Sendingar af slíkum afurðum, sem settar eru á markað til mannelis, ættu því að falla undir vottun á hverri sendingu fyrir sig vegna komu inn í Sambandið til setningar á markað. Vottun um að farið sé að kröfum Sambandsins getur einnig stuðlað að því að minna stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld þriðju landa eða svæða þriðju landa á gildandi kröfur Sambandsins.
- 9) Tilteknar samsettar afurðir, sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki aðrar kjötafurðir en gelatín eða kollagen eða mikið unnar afurðir skapa ekki áhættu fyrir lýðheilsu eða heilbrigði dýra vegna eðlis þeirrar meðhöndlunar sem krafist er við framleiðslu slíkra kjötafurða. Slíkum samsettum afurðum ætti að fylgja eigin staðfesting í stað opinbers vottorðs.
- 10) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/625 til samræmis við það.
- 11) Þar eð 12. og 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021 ættu breytingar á greinum sem skipta máli fyrir þessar 12. og 14. gr. einnig að koma til framkvæmda frá og með þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/625 er breytt sem hér segir:

- 1) Í d-lið 2. mgr. 1. gr. er eftirfarandi v. lið bætt við:

„v. lifandi sniglar.“

- 2) Í 3. mgr. 1. gr. er nýjum c-lið bætt við:

„c) vörur sem eru ætlaðar til mannelis þegar ætlunin er að taka sýni til vörugreiningar og gæðaprófana án setningar á markað.“

- 3) Eftirfarandi lið er bætt við í 2. gr. sem 14. lið a:

„14. liður a „sniglar“: sniglar eins og þeir eru skilgreindir í lið 6.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og allar aðrar tegundir snigla af ættinni *Helicidae*, *Hygromiidae* eða *Sphincterochilidae* sem eru ætlaðir til mannelis.“

- 4) Eftirfarandi c-lið er bætt við í 3. gr.:

„c) lifandi sniglar sem vísað er til með SN-númeri 0307 60 00 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.“

5) Í stað d-liðar 7. gr. kemur eftirfarandi:

„d) vélúrbeinað kjöt og kjötafurðir, að undanskildum görnum eins og þær eru skilgreindar í 45. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 (*),

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).“

6) Í stað 1. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Sendingar af samsettum afurðum sem vísað er til með ST-númerum undir fyrirsögnunum 1517, 1518, 1601 00, 1602, 1603 00, 1604, 1605, 1702, 1704, 1806, 1901, 1902, 1904, 1905, 2001, 2004, 2005, 2101, 2103, 2104, 2105 00, 2106, 2202 og 2208 í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 skulu einungis koma inn í Sambandið til setningar á markað ef sérhver unnin afurð úr dýraríkinu, sem er að finna í samsettu afurðunum, var annaðhvort framleidd í starfsstöðvum sem eru staðsettar í þriðju löndum eða svæðum þriðju landa og hafa heimild til útflutnings á þessum unnu afurðum úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við 5. gr. eða í starfsstöðvum sem eru staðsettar í aðildarríkjunum.“

7) Ákvæðum 1. mgr. 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi d-lið er bætt við:

„d) lifandi sniglar sem vísað er til með SN-númeri 0307 60 00 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87,“

b) Eftirfarandi e-lið er bætt við:

„e) samsettar afurðir, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 12. gr., að undanskildum samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu sem innihalda ekki aðrar kjötafurðir en gelatín, kollagen eða mikið unnar afurðir sem um getur í XVI. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.“

8) Í stað 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Eigin staðfesting, sem stjórnandi matvælafyrirtækisins sem flytur inn semur og undirritar, skal fylgja sendingum af samsettum afurðum eins og um getur í 12. gr. (b-liður 2. mgr.) til að staðfesta að sendingarnar uppfylli gildandi kröfur, sem um getur í 126. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, ef samsettu afurðirnar innihalda ekki aðrar kjötafurðir en gelatín, kollagen eða mikið unnar afurðir sem um getur í XVI. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og í 12. gr. (c-liður 2. mgr.).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 5. mgr., b-liðar 7. mgr. og 8. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.